

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/70 2021/EES/66/10

frá 23. október 2020

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri, að því er varðar gildistöku hennar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 6. gr. og 15. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 ⁽²⁾ eru tilgreindar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takast á við uppgjörsbresti og hvetja til aga í uppgjöri. Þessar ráðstafanir ná til eftirlits með uppgjörsbrestum og innheimtu fjársekta vegna uppgjörsbresta og útgreiðslu ágóða þeirra. Framseld reglugerð (ESB) 2018/1229 tilgreinir einnig rekstrarleg atriði við uppgjörskaupferlið.
- 2) Framseld reglugerð (ESB) 2018/1229 á að öðlast gildi 1. febrúar 2021.
- 3) Markaðsaðilar hafa bent á að COVID-19-heimsfaraldurinn hafi haft veruleg áhrif á heildarframkvæmd eftirlitsverkefna og afhendingu upplýsingatæknikerfa sem eru nauðsynleg fyrir beitingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229. Á þessum fordæmalausum tímum leggja fjármálastofnanir áherslu á framkvæmd skilvirkrar stefnu um varúðarfjármögnun til að tryggja daglegan rekstur og netviðnámsþol, sem takmarki upplýsingatæknigetu stofnana til að framkvæma tiltekin flókin verkefni, þ.m.t. þau sem nauðsynleg eru til að uppfylla kröfur um aga í uppgjöri sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229. Beiting verðbréfamiðstöðva, þátttakanda í þeim og viðskiptavina þeirra á slíkum kröfum í þessu samhengi gæti haft í för með sér aukna áhættu á fjármálamörkuðum fremur en að draga úr henni. Því er viðeigandi að veita þessum hagsmunaaðilum meiri tíma til að ljúka nauðsynlegum undirbúningi sem þarf til að beita kröfunum um aga í uppgjöri. Að teknu tilliti til fordæmalauss eðlis þeirrar stöðu sem komin er upp vegna COVID-19-heimsfaraldursins og nauðsynlegra kerfisbreytinga sem verðbréfamiðstöðvar, þátttakendur í þeim og viðskiptavinir þeirra ættu að undirgangast til að hlíta mismunandi kröfum varðandi uppgjör er nauðsynlegt að fresta núverandi gildistöku framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 um eitt ár til viðbótar.
- 4) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 27.1.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 frá 25. maí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (Stjtíð. ESB L 230, 13.9.2018, bls. 1).

- 5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur ekki haft opið samráð við almenning þar sem slíkt myndi teljast vera óhóflegt með tilliti til gildissviðs og væntanlegra áhrifa af frestun á gildistöku framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur tekið til greina þær upplýsingar sem markaðsaðilar hafa nú þegar látið í té um það hversu tilbúnir þeir eru hvað varðar beitingu þessarar reglugerðar. Við þessar ófyrirséðu aðstæður er einnig mikilvægt að veita réttarvissu að því er varðar nýjan gildistökuframseldrar reglugerðar (ESB) 2108/1229 til að markaðsaðilar geti undirbúið sig fyrir beitingu þeirrar reglugerðar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur engu að síður greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning af því að fresta gildistöku framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót skv. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010⁽³⁾. Við samningu draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig verið í samstarfi við aðilana að Seðlabankakerfi Evrópu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 42. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 kemur eftirfarandi:

„42. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 2022.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).